



Er ríkið
í stuði?

Þessi skýrsla er unnin af Intellecon ehf. fyrir Félag atvinnurekenda.

Ábyrgð á efni og framsetningu er að fullu á ábyrgð höfundu.

EFNISTÖK

Inngangur

1. Ísland og orkan – Einkenni og sérstaða
2. Hið opinbera og einkageirinn
3. Samkeppnisumhverfið á íslenskum orkumarkaði
4. Orkustefna / Orkuskipti – áskoranir
5. Samkeppnisumhverfið og orkuskiptin
6. Helstu niðurstöður

INNGANGUR

Orkumál hafa verið í brennidepli síðustu ár og áratugi bæði hér á landi sem og annars staðar í heiminum. Nýlegar vendingar í heimsmálum hafa undirstrikað mikilvægi orkuöryggis á sama tíma og stjórnvöld hér á landi sem víðast annars staðar hafa sett sér metnaðarfull markmið um að draga úr notkun kolefnaeldsneytis.

Ísland er í nokkuð annarri stöðu hvað varðar orkuframleiðslu og orkuskipti en flest önnur lönd. Hér á landi er rafvæðing samgangna forgangsatriði hvað varðar orkuskiptin.

Orkumarkaðir eru á margan hátt sérstakir, þar sem hlutverk hins opinbera er annað og meira en á mörgum öðrum mörkuðum.

Það breytir ekki því að eigi að takast vel til við orkuskiptin er hlutverk einkaaðila síst mikilvægara en áður, ef ekki meira.

Hér er fjallað um samkeppnisumhverfið á íslenskum raforkumarkaði með sérstakri áherslu á samkeppni einkaaðila og opinberra fyrirtækja þegar kemur að orkuskiptum.

1. ÍSLAND OG ORKAN

RAFORKUFRAMLEIÐSLULANDIÐ ÍSLAND

Orkuauðlindir Íslands

Ísland er ríkt af endurnýjanlegum orkuauðlindum m.v. við stærð þjóðarinnar. Íslendingar framleiða raforku að langmestu leyti með vatnsafli og jarðvarma.


Raforkuframleiðsla með vindorku hefur farið vaxandi en er einungis um 0,03% framleiðslunnar. Raforkuframleiðsla með eldsneyti hefur farið minnkandi og er nú hverfandi (0,01%).

Ísland er með sérstöðu varðandi hátt hlutfall raforku sem framleidd er úr endurnýjanlegum orkugjöfum en það er nærri því að vera 100%.


Staða Íslands í orkuheiminum

Ísland er ekki stór raforkuframleiðandi á heimsvísu. Ísland framleiðir um 0,07% af heimsframleiðslunni, um 0,7% af raforkuframleiðslu í Evrópu.

Ef litið er framhjá raforkuframleiðslu til stóriðju þá framleiðir Ísland um 0,1% af allri raforkuframleiðslu í Evrópu.



■ Vatnsorka ■ Jarðhiti



■ Ísland ■ Evrópa

SAMANBURÐUR: ÍSLAND / ÍRLAND



Ísland og Írland eru á ýmsan hátt ámóta eyjar í N-Atlantshafi. Íbúar Írlands eru 5,3 milljónir.

Ísland framleiðir mun meiri raforku á hvert mannsbarn en nánast helmingi minni raforku á hvern ferkílómetra lands.

Ríflega helmingur raforku á Írlandi er framleiddur með kolefnaeldsneyti en tæplega 30% með vindorku, meðan á Íslandi er nánast öll raforka framleidd með vatns- eða gufuafli.

Af þessu má ráða að Ísland er stórt raforkuframleiðsluland, sérstaklega miðað við höfðatölu.

Raforkuframleiðsla (GWst)



2. HIÐ OPINBERA OG EINKAGEIRINN

HIÐ OPINBERA OG OPINBER FYRIRTÆKI

Áður en lengra er haldið er gott að huga að ólíku eðli hins opinbera og einkageirans. Hið opinbera er sá hluti samfélagsins sem aðallega er fjármagnaður með almennri skattheimtu.

Yfirleitt er litið þannig á að hið opinbera samanstandi af starfsemi ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar. Helstu verkefni opinbera geirans er að tryggja almannagæði, þ.e. þau gæði sem ekki er hagkvæmt eða skynsamlegt að láta í hendur einkaaðila.

Verkefnum hins opinbera má t.a.m. skipta í eftirfarandi þætti:

1. **Stjórnkerfið**
2. **Grunnframfærsla**
3. **Grunnþjónusta**

Undir **stjórnkerfið** falla verkefni eins og setning laga, framfylgd þeirra, dómstólar og yfirstjórn hins opinbera. Stjórnvöld setja ramma varðandi verkefni sín með lagasetningu og hlutverk stjórnkerfisins er að fylgja eftir stefnu stjórnvalda á hverjum tíma.

Hið opinbera tryggir **grunnframfærslu** þeim sem að ýmsum orsökum geta ekki séð sér farborða. Þessi grunnframfærsla fer aðallega fram í gegnum tilfærslukerfi hins opinbera, s.s. greiðslu atvinnutrygginga, örorkubóta og ellilífeyris.

Þá tryggir hið opinbera borgurunum ýmiss konar **grunnþjónustu**, sérstaklega á sviði heilbrigðismála og mennta- og menningarmála, en einnig hvað varðar ýmiss konar innviði, þ.m.t. í samgöngum og orkumálum.

HIÐ OPINBERA – SAMNEYSLAN OG ALMANNAGÆÐI

Almennt talað innheimtir hið opinbera skatta til að fjármagna svonefnda samneyslu og þá aðallega á sviði menntunar, heilbrigðisþjónustu, ýmiss konar innviða og löggæslu og félagslegan stuðning við þá sem hans þurfa við.

Sum þjónusta og framleiðsla er þess eðlis að aðkoma hins opinbera er nauðsynleg. Þannig má hugsa sér dæmi um þjónustu sem ekki þykir æskilegt að aðrir en hið opinbera sinni, s.s. dómsvald. Einnig má benda á mörg dæmi þar sem aðkoma hins opinbera er nauðsynleg þar sem einkaðilar sjá sér ekki hag í að bjóða fram viðkomandi þjónustu eða framleiðslu. Dæmi um slíkt eru **almannagæði**. Sum gæði eru þannig að ekki er hægt, eða mjög dýrt, að útiloka fólk frá að nota þau, svo lengi sem þau eru framleidd á annað borð. Þegar svo er í pottinn búið er ómögulegt eða erfitt fyrir framleiðandann að rukka fólk fyrir afnot af gæðunum.

Önnur gæði eru þannig að ef þau hafa verið framleidd á annað borð þá geta allir notið þeirra. Almennagæði uppfylla bæði þessi skilyrði.

Það má hugsa sér ýmis dæmi um almennagæði, s.s. lög og regluverk, almenningsgarða og þjóðvegi.

Af dæmunum má ráða að sum gæði eru klárlega almennagæði, en önnur eru það einungis við ákveðin skilyrði. Þjóðvegur, þar sem ekki er rukkað veggjald, er almennagæði, svo lengi sem umferðin er ekki of mikil. Um leið og myndast umferðarteppa þá geta ekki allir notið vegarins lengur.

Þá er mjög mismunandi milli landa hvað telst til almennagæða eða að hvað miklu leyti ýmiss konar vörur og þjónusta falli undir slíkt. Sem dæmi má nefna að aðgengi að heilbrigðisþjónustu og menntun er sums staðar að mestu leyti litið á sem almennagæði meðan annars staðar er einungis litið svo á að hinu opinbera sé skylt að tryggja lágmarksframleiðslu slíkra gæða.

HIÐ OPINBERA OG NÁTTÚRULEG EINOKUN

Við ákveðin skilyrði myndast það sem kallast náttúruleg einokun. Það er t.d. þegar mjög kostnaðarsamt er að hefja starfsemi og erfitt er að komast inn á viðkomandi markað.

Þegar þannig háttar til getur verið þjóðhagslega hagkvæmt að einungis einn aðili sinni viðkomandi þjónustu.

Dæmi um slíkt er þjóðavegakerfi. Uppbygging þjóðvegakerfis er gríðarlega kostnaðarsöm og um leið er það svo að þegar kerfið er einu sinni til staðar er óhagkvæmt að byggja annað kerfi sem gegnir sama hlutverki.

Af þessum sökum er það frekar regla en undantekning að þjóðvegakerfi sé á höndum eins aðila.

Til að koma í veg fyrir að slíkur aðili misnoti aðstöðu sína til að skapa sér einokunarhagnað gilda alla jafna mjög strangar reglur um slíkan rekstur.

Því er algengt að slíkur rekstur sé tengdur **sérleyfum** og að ýmsar skorður séu settar varðandi reksturinn, s.s. hvað varðar leyfilega arðsemi o.þ.h.

HIÐ OPINBERA OG NÝSKÖPUN

Það er einkenni þeirra landa sem við viljum alla jafna bera okkur saman við að þau búa við blandað markaðshagkerfi, þar sem meginhlutverk hins opinbera er að setja lög og reglur fyrir atvinnulífið og stunda þá starfsemi sem af ýmsum orsökum er ekki talið heppilegt að sé í höndum einkaðila.

Hið opinbera hefur mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að nýsköpun og getur stuðlað að og stutt við hana með ýmsum hætti.

Þannig getur gott reglugerðaumhverfi og einkaleyfavernd hvatt til nýsköpunar.

Einnig hefur hið opinbera mikilvægu hlutverki að gegna hvað varðar aðgengi að menntun og að stundaðar séu grunnrannsóknir á ýmsum fræðasviðum.

Yfirleitt kemur efnahagslegur ávinningur slíkra rannsókna ekki fram fyrr en þær eru nýttar af einkafyrirtækjum við framleiðslu, hvort sem um er að ræða nýja tækni, vöru eða þjónustu.

Hvati einkafyrirtækja til nýsköpunar og verðmætasköpunar er alla jafna meiri en hjá opinberum aðilum sökum þess að afraksturinn rennur beint til eigendanna.

ÓJÖFN SAMKEPPNI

Einkafyrirtæki standa yfirleitt höllum fæti í samkeppni við fyrirtæki í opinberri eigu.

Ástæða þess er m.a. sú að opinberir aðilar hafa yfirleitt aðgang að fjármagni á lægra verði en fyrirtæki í einkarekstri. Þá er oft er ekki gerð sama arðsemiskrafa til opinberra fyrirtækja og einkafyrirtækja.

Við þetta bætist að eigandi opinberra fyrirtækja er eðlis síns vegna sá sem setur leikreglur á markaðnum, t.a.m. þau lög og reglugerðir sem gilda, sem og ákvarðanir varðandi skattheimtu.

Af þessum sökum verður að teljast varhugavert að opinber fyrirtæki séu í samkeppni við einkafyrirtæki á samkeppnismarkaði, nema við mjög sérstakar aðstæður.

3. SAMKEPPNISUMHVERFIÐ Á ÍSLENSKUM RAFORKUMARKAÐI

MARKAÐSVÆÐING RAFORKUMARKAÐA I

Af ofansögðu má vera ljóst að hið opinbera gegnir mikilvægu hlutverki á raforkumarkaði.

Hið opinbera setur stefnu í raforkumálum og framfylgir henni. Aðgengi að raforku telst að miklu leyti til grunnþjónustu við fólk og fyrirtæki, enda raforka lífsnauðsynleg í nútíma hagkerfi.

Það aðgengi má allt eins líta á sem almannagæði.

Þá eru dæmi um náttúrulega einokun á raforkumarkaði. Þar má nefna flutningskerfi raforku. Uppsetning flutningskerfis er gríðarlega kostnaðarsöm og um leið er það svo að þegar flutningskerfi er til staðar er óhagkvæmt að byggja annað kerfi sem gegnir sama hlutverki.

Hér á landi er t.a.m. eru flutnings- og dreifikerfi raforku háð sérleyfum og rekstur þeirra aðila sem hafa slík leyfi er undir eftirliti Orkustofnunar.

Sama gildir um raforkuframleiðslufyrirtæki og flutningskerfi í flestum þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Þegar ekki er um að ræða náttúrulega einokun liggja hagfræðileg rök til þess að hagkvæmt sé að leyfa einkaaðilum að spreyta sig á að bjóða fram vörur og þjónustu.

Markaðsskipulag hefur alla jafna reynst vel við að ráðstafa takmörkuðum gæðum og heilbrigð samkeppni stuðlar að stöðugri nýsköpun og nýtingu tækifæra.

Þetta á við á orkumarkaði sem aðra markaði. Af þessum sökum hafa verið stigin mikilvæg skref í að markaðsvæða raforkumarkaði, þar sem því verður við komið, á síðustu árum og áratugum.

MARKAÐSVÆÐING RAFORKUMARKAÐA II

Á síðustu áratugum hefur verið stefnt að því að mynda sameiginlegan orkumarkað í Evrópu.

Markmiðið hefur verið að minnka vægi opinberra aðila á markaðnum, koma samkeppni á þar sem hún er talin eiga við og gefa eftirspurnarhliðinni meira vægi, t.d. með því að gefa neytendum kost á að velja milli ólíkra seljenda á markaðnum.

Breytingar í laga-, reglu- og stofnanaumhverfi á íslenska raforkumarkaðnum hafa fylgt sömu þróun og í Evrópu.

Hér innanlands ríkir nú samkeppni á heildsölu- og smásöllumarkaði með raforku en flutningur og dreifing raforku er bundin sérleyfum.

Ekki má gleymast að íslenska raforkukerfið hefur ákveðna sérstöðu miðað við flest önnur lönd í Evrópu að því leyti að það er ekki samtengt kerfum annarra landa með beinum hætti. Engu að síður stendur íslensk orkuframleiðsla og orkusala í alþjóðlegri samkeppni hvað varðar sölu á orku til stórnotenda.

TRYGGIR VIÐSKIPTAVINIR

Þrátt fyrir þá markaðsvæðingu og innleiðingu samkeppni á raforkumarkaði sem hér hefur verið lýst, er ýmislegt sem bendir til að neytendur skipti ekki svo létt um raforkusala.

Þetta sést t.d. þegar skoðuð er markaðshlutdeild raforkusölu einkaaðila samanborið við opinbera aðila eftir dreifisvæðum.

Þessi samanburður bendir til að þegar opinber fyrirtæki eru seld einkaaðilum þá fylgja notendurnir að miklu leyti með í kaupunum.

Dreifisvæði	Raforkukaup frá einkaaðilum (%)	Raforkusala opinberra aðila (%)	Samtals raforkusala (GWh)
HS Veitur			
2022	76%	24%	680
2023	73%	27%	683
Norðurorka			
2022	17%	83%	131
2023	17%	83%	136
Orkubú Vestfjarða			
2022	5%	95%	253
2023	5%	95%	268
Rarik			
2022	30%	70%	1.340
2023	33%	67%	1.468
Veitur			
2022	28%	72%	1.156
2023	35%	65%	1.196

Heimild: Netorka.

HLUTVERK OPINBERRA OG EINKAADILA Í ORKUSKIPTUM

Út frá því sem áður hefur verið sagt um hlutverk opinberra og óopinberra aðila í hagkerfinu mætti ætla að hlutverkaskiptingin væri nokkuð skýr.

Hvað varðar orkuöflunina sjálfa þá ríkir samkeppni á þeim markaði. Opinber fyrirtæki eru stærstu aðilarnir í framleiðslu raforku enda liggja bæði sögulegar ástæður fyrir því og rök sem tengjast náttúrulegri einokun og stærðarhagkvæmni.

Raforkuvinnsla og sala raforku er frjáls en sérleyfi þarf til flutnings eða dreifingar raforku.

Flutningur og dreifing raforku er sérleyfismarkaður, eins og áður hefur verið lýst.

Eftir stendur að styðja uppbyggingu rafvæðingar í samgöngum og nýsköpun henni tengda.

Samkvæmt stefnumörkun um aukna samkeppni á raforkumarkaði og nýsköpun í orkugeiranum þá er hlutverki hins opinbera best háttað með því að það taki þátt með óbeinum hætti, þ.e. með því að setja ramma um orkumál og fjárhagslega hvata, frekar en að taka beinan þátt í samkeppni við einkaaðila á markaði.

4. ORKUSTEFNA / ORKUSKIPTI – ÁSKORANIR

ORKUSTEFNA

Síðla árs 2020 birtu stjórnvöld tillögu að Orkustefnu til ársins 2050. Markmið hennar er að gæta hagsmuna núverandi sem komandi kynslóða með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Meginstoðir stefnunnar eru:

- Endurnýjanleg orka
- Orkunýtni, snjalltækni og fjölbreytni
- Ávinningur samfélags og neytenda
- Náttúruvernd og lágmörkun umhverfisáhrifa
- Samkeppnishæfni og verðmætasköpun
- Traustir og öruggir innviðir um allt land
- Öruggt orkuframboð
- Orkuskipti og loftslagsmál

Í Orkustefnunni er áhersla lögð á samkeppnishæfni íslensks orkumarkaðar miðað við önnur lönd og samkeppnishæfan orkumarkað innanlands, án þess að fjallað sé nánar um samkeppnisumhverfið frekar.

ORKUSKIPTI – STEFNA STJÓRNVALDA

Hið opinbera hefur gripið til aðgerða til að auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa á Íslandi. Árið 2016 var samþykkt sérstök þingsályktun með aðgerðaáætlun um orkuskipti. Samkvæmt áætluninni er stefnt að því að hlutfall endurnýjanlegrar orku í samgöngum verði 30% árið 2030 og 10% fyrir haftengda starfsemi. Þá eru lagðir til hagrænir hvatar til að ná þessum markmiðum.

Sérstaklega er tekið fram að ívilnanir og hvatar hafi skilgreindan gildistíma þar sem slíkt auðveldi ákvarðanatöku og langtímaáætlanir fjárfesta. Dregið verði úr opinberum stuðningi eftir því sem tæknilausnir verði samkeppnishæfari á markaði.

Einnig er sérstaklega tekið fram að samkvæmt áætluninni verði stuðlað að rannsóknum, tækniþróun og atvinnuþróun tengdri endurnýjanlegum orkugjöfum auk þess sem eflur verði stuðningur við nýsköpun í tengslum við orkuskipti.

ORKUSKIPTI – HVAÐ ÞARF TIL?

Til að markmið stjórnvalda um orkuskipti náist þarf tvennt að koma til:

1. Stofnanaumhverfi sem styður við þróun í átt til orkuskipta.
2. Tæknilegar og viðskiptalegar lausnir.

Af framansögðu er ljóst að hið opinbera gegnir lykilhlutverki hvað varðar fyrra atriðið. Þannig setur hið opinbera reglur varðandi orkuframleiðslu og orkunýtingu, ákvarðar hvata, t.d. í gegnum skatta og gjaldakerfi, styrki til rannsókna og þannig mætti lengi telja. Í þessu sambandi má nefna að árið 2020 var settur á fót sérstakur Orkusjóður sem veitir reglulega styrki til orkuskipta.

Hvað seinna atriðið varðar þá er óljósara hvert hlutverk hins opinbera á að vera eða hve viðamikið. Sannarlega má ætla að hið opinbera geti haft hlutverki að gegna, t.d. hvað varðar ýmsar frumrannsóknir, en að öðru leyti liggja hagfræðileg rök til þess að betra sé að láta einkaaðila á samkeppnismarkaði koma fram með nýjungar í tækni, vöruframboði og þjónustu.

MARKMIÐ STJÓRNVALDA VARÐANDI ORKUSKIPTI SÉRSTAKLEGA

Íslensk stjórnvöld hafa sétt sér það markmið að Ísland nái kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2040. Það verður gert með orkuskiptum þar sem jarðefnaeldsneyti verður skipt út fyrir sjálfbæra orkugjafa og þá sérstaklega raforku.

Gangi þetta eftir gæti Ísland orðið fyrst allra landa heims að verða óháð jarðefnaeldsneyti.

Orkuskiptin krefjast breytinga bæði í notkun auðlinda sem og uppbyggingu orkukerfa, bæði hvað varðar framleiðslu og dreifingu.

Jarðhiti er stærsta orkuauðlind sem nýtt er á landinu en talið er að um 60% allrar frumorku sem framleidd er fari í húshitun og aðra neyslu á heitu vatni.

Raforkuframleiðslan telst vera um 25% frumorkunotkunar en fullyrða má að nánast öll sú orka sé framleitt með sjálfbærum hætti og lágu kolefnisspori.

Þau 15% frumorkunotkunarinnar sem eftir stendur eru uppfyllt með bruna á jarðefnaeldsneyti og fer sú orka í að keyra flugvélar, skip, bíla auk annarra véla og tækja.

5. SAMKEPPNISUMHVERFIÐ OG ORKUSKIPTIN

ORKUSKIPTIN HÉR Á LANDI OG ERLENDIS

Hvað varðar framkvæmd orkuskipta á Íslandi þá skerum við okkur nokkuð frá öðrum löndum hvað varðar verkefnin framundan.

Flest önnur lönd kljást við þann vanda að færa sig úr raforkuframleiðslu úr jarðefnaeldsneyti yfir í umhverfisvænni orkugjafa. Hér á landi er nánast öll raforka framleidd með umhverfisvænum hætti og engin áform uppi um að auka við framleiðsluna með bruna jarðefnaeldsneytis.

Af þessum sökum snúast orkuskiptin á Íslandi að mestu leyti um að rafvæða þann hluta orkukerfisins sem byggir enn á bruna jarðefnaeldsneytis sem og að stuðla að betri orkunýtingu.


Rafvæðing samgangna og nýjar lausnir á því sviði virðast vera eðlileg fyrstu skref á þeirri vegferð. Sú vegferð er þegar hafin.

ORKUSKIPTI Í SAMGÖNGUM - RAFBÍLAVÆÐINGIN


Eins og hér hefur verið lýst snýr eitt af markmiðum stjórnvalda í orkuskiptum að rafvæðingu samgangna. Enn er langt í land hvað varðar rafvæðingu þungaflutninga á landi og sjó en mikill árangur hefur náðst hvað varðar rafvæðingu bílaflota landsmanna.

Fjármálalegar ívilnanir stjórnvalda, samfara uppbyggingu nauðsynlegra innviða, s.s. hleðslustöðva, auk aukins framboðs og tæknilegra framfara í gerð rafknúinna bifreiða, hafa ýtt undir þessa þróun.

Fjöldi rafbíla á Íslandi og spá um fjöldann (í þús.)



Spá um árlega raforkuþörf rafbíla (GWst)



ORKUSKIPTI OG NÝSKÖPUN – DÆMI UM HLEÐSLUSTÖÐVAR

Hversu vel mun takast til við orkuskiptin ræðst ekki eingöngu af ákvörðunum stjórnvalda og fjárhagslegum hvötum. Ýmiss konar nýsköpun hefur þegar litið dagsins ljós og enn er ýmislegt eftir að koma fram.

Gott dæmi um slíkt er sú þróun sem átt hefur sér stað varðandi hleðslustöðvar fyrir rafbíla. Hleðslustöðvar framtíðarinnar eru mun flóknari en svo að hægt sé að lýsa þeim sem einföldum innstungum fyrir bíla.

Meðal þeirra nýjunga sem verið er að vinna að má nefna hleðslukerfi þar sem notast er við algrím til að besta hleðslu m.v. álag og notkun, hleðslustöðvar þar sem rafhlöður bifreiðar eru notaðar sem aflvaki fyrir aðra notkun, þegar slíkt er hagkvæmt miðað við verð og notkunarmynstur. Einnig er verið að þróa aðferðir fyrir þráðlausar hleðslur, hraðhleðslur, flytjanlegar hleðslustöðvar og svo mætti lengi telja.

VIRÐISKEÐJA RAFORKUMARKAÐARINS OG SAMKEPPNISUMHVERFIÐ

Framleiðsla raforku fer fram á samkeppnismarkaði. Framleiðendur selja annars vegar beint til stórnotenda, með sérstökum samningum, eða inn á heildsölumarkað með raforku þar sem smásalar selja áfram til notenda.

Íslenski orkumarkaðurinn er ekki beintengdur erlendum orkumörkuðum en sala til stórnotenda er í alþjóðlegri samkeppni.



Fyrirtæki í opinberri eigu: ■

Fyrirtæki í einkaeigu: ■

AÐILAR Á SAMKEPPNISMARKAÐI FRÁ HEILDSÖLU TIL HRAÐHLEÐSLU

Heildsala raforku

Landsvirkjun
ON
Fallorka
Orkubú Vestfjarða
Orkusalan

HS Orka
N1 rafmagn
Straumlind
Orka heimilanna
Atlantsorka

Smásala raforku

ON
Orkusalan
Fallorka
Orkubú Vestfjarða

HS Orka
Orka heimilanna
Atlantsorka
N1 rafmagn
Straumlind

Rekstur hraðhleðslustöðva (fleiri en eitt tengi)

ON
Orkusalan
Orkubú Vestfjarða

Olís
N1 Rafmagn
Orkan
Tesla
Brimborg
Instavolt (HS Orka)
Ísorka
KFC
Samkaup
Reginn

Fyrirtæki í opinberri eigu: ■

Fyrirtæki í einkaeigu: ■

STOÐIR HRAÐHLEÐSLUMARKAÐARINS

Hraðhleðslumarkaðurinn hefur orðið til á síðustu árum samhliða aukinni rafbílaeign. Án þessarar uppbyggingar væri rafvæðing bílaflotans vart möguleg.

Fyrirtæki hafa sprottið upp sem sérhæfa sig í sölu búnaðar og uppsetningar hraðhleðslustöðva. Einnig eru fyrirtæki sem bjóða ýmiss konar þjónustu tengda hraðhleðslu. E1 rekur t.d. smáforrit sem tengir saman rafbílaeigendur og eigendur hleðslustöðva og auðveldar þannig aðgang notenda að hleðslum.

Bæði hvað varðar búnaðinn sjálfan og ýmiss konar þjónustu, þá eru einkafyrirtæki í samkeppni við fyrirtæki í opinberri eigu.

Búnaður

Nokkur fyrirtæki hafa sérhæft sig í sölu, leigu og uppsetningu hraðhleðslustöðva fyrir fyrirtæki:


- Ísorka
- RST Net
- Rönning
- Ískraft
- N1
- Orkusalan
- ON

Þjónusta

Þá eru fyrirtæki sem hafa sérhæft sig í ýmiss konar þjónustu tengdri hraðhleðslu:


- Ísorka
- RST Net
- E1
- Rafbox
- ON

Fyrirtæki í opinberri eigu: 

Fyrirtæki í einkaeigu: 

HELSTU FYRIRTÆKI Á SAMKEPPNISMARKAÐI – HEILDSALA, SMÁSALA OG REKSTUR HRAÐHLEÐSLUSTÖÐVA

Af þeim fimm fyrirtækjum sem starfa við jafnt við heildsölu raforku, smásölu raforku og rekstur hraðhleðslustöðva eru þrjú í opinberri eigu.





VÍSBENDINGAR UM MARKAÐSHLUTDEILD

Ekki er hlaupið að því að afla gagna um markaðshlutdeild einstakra fyrirtækja á hraðhleðslumarkaði. Ef vel ætti að vera þyrfti að taka tillit til notkunar og nýtingar hverrar tengingar fyrir sig auk traustra upplýsingar um fjölda þeirra.

Hér til hliðar má sjá vísi að mælikvarða á markaðshlutdeild helstu aðila út frá einfaldri talningu á fjölda virkra tengja hraðhleðslustöðva.

Mælt á þennan mælikvarða reka opinber fyrirtæki um fjórðung allra hraðhleðslustöðva í landinu.

Fjöldi tengla ólíkra rekstraraðila (+50 kW)



Opínber fyrirtæki Einkafyrirtæki

HÍÐ OPINBERA OG SAMKEPPNI UM REKSTUR HRAÐHLEÐSLUSTÖÐVA

Ríkisvaldið setur lög og reglur sem fyrirtækjum er ætlað að fara eftir.

Sveitarstjórnir hafa t.d. skipulagsvald, þ.m.t. varðandi úthlutun lóða og annarrar aðstöðu.

Þátttaka opinberra fyrirtækja í samkeppnisrekstri eftir allri virðisdeðjunni skapar hættu á misnotkun aðstöðu.

Fyrirtæki sem rekur hleðslustöðvar og hefur einnig á hendi dreifingu raforku á viðkomandi svæði er í lykilaðstöðu þegar kemur að uppbyggingu hraðhleðslustöðva. Það er t.a.m. óheppilegt ef rekstraraðili hraðhleðslustöðvar þarf að sækja um heimtaug til aðila sem hann er á sama tíma í samkeppni við.

ÖNNUR LÖND FARA AÐRAR LEIÐIR

Flest lönd eru á sömu vegferð og Íslendingar hvað varðar uppbyggingu hraðhleðslustöðva.

Í Bandaríkjunum hefur verið hleypt af stokkunum átaki stjórnvalda til slíkrar uppbygginar (e. National Electricity Vehicle Infrastructure). Ákveðið hefur verið að verja alls 7,5 milljörðum bandaríkjadala til verkefnisins.

Áhersla bandarískra stjórnvalda er á að fjölga hraðhleðslustöðvum til að auðvelda og hvetja til aukinnar rafvæðingar samgangna.

Megináherslur í aðgerðum stjórnvalda eru eftirfarandi:

1. Að örva fylkin til að koma upp kerfum hraðhleðslustöðva við helstu þjóðvegi (5 milljarðar dala) sem og á svæðum þar sem ætla má að ekki séu rekstrarlegar forsendur fyrir slíkum rekstri (2,5 milljarðar dala).
2. Styðja heilbrigða samkeppni, aðallega með því að stuðla að því að notast sé við staðlaða tengla.
3. Hvetja til rannsókna og þróunar á hraðhleðslubúnaði og tengdri tækni.

Síðari tvær áherslurnar endurspeglar þá staðreynd að einungis um 10% af raforkuframleiðslu Bandaríkjanna er í höndum opinberra fyrirtækja.

HIÐ OPINBERA Í SAMKEPPNISREKSTRI – SPORIN HRÆÐA

Á haftaárunum var algengt að ríkið hefði rétt til einkasölu á ýmis konar varningi. Má þar nefna:

- Bifreiðaeinkasala ríkisins
- Grænmetisverslun ríkisins
- Raftækjaeinkasala ríkisins
- Lyfjaverslun ríkisins

Í dag þykir okkur sjálfsagt að einkafyrirtæki starfi á þessum mörkuðum og fáir, ef nokkrir, mæla fyrir því að taka ætti aftur upp einkasöluferfi hins opinbera.

Fáir myndu mæla fyrir því að hið opinbera færi að reka bensínstöðvar í dag. Sennilega kæmi það einnig fólki spánskt fyrir sjónir að veitufyrirtæki í eigu hins opinbera seldi fólki elda- eða þvottavélar og uppsetningu þeirra.

Útvarpsnotendum hefir, síðan Útvarpsstöð Íslands tók til starfa, fjölgað örar hjer á landi, en í nokkru öðru landi álfunnar. Einkum hefir fjölgunin verið ör nú að undanförunu. Ísland hefir nú þegar náð mjög hárrí hlutfallstölu útvarpsnotenda og mun, eftir því, sem nú hórfir, bráðlega ná hæðstu tölu útvarpsnotenda miðað við fólksfjölda.



Verð viðtækja er lægra hjer á landi en í öðrum löndum álfunnar. Viðtækjaverslunin veitir kaupendum viðtækja meiri tryggingu um hagkvæm viðskifti en nokkur önnur verslun mundi gera, þegar bilanir koma fram í tækjunum eða óhöpp bera að höndum. Ágöða viðtækjaverslunarinnar er lögum samkvæmt eingöngu varið til reksturs úvarpsins, almennrar útbreiðslu þess og til hagsbóta fyrir útvarpsnotendur.

Takmarkið er:
Viðtæki inn á hvert heimili.

Viðtækjaverslun Ríkisins.
Lækjargötu 10—B. Sími 3823.

3583

BIFREIÐAEINKASALA RÍKISINS

Algræðslan: Swensk-íslenska trygðisskatt
Sími 1837
Skrifstofan: Lækjargata 10B
Sími 3823

REYKJAVÍK, 8. Apríl 1939

Prof. Guðlaugur
Reykjavík

Póstun	Afgreitt	Greiðslukvæmi		
		Verð	Kr.	ann.
2	Smilla Gullbráa 6.50-17	154.00	308.00	
1	- Slangi 2-17		26.00	
			329.00	
		-10%	32.90	
			296.10	

GREITT,
BIFREIÐAEINKASALA RÍKISINS

M. P. D. Ólafsson

RE. 7. 40. 19000-4000

S. E. & O.

4. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Á síðustu árum hafa Íslendingar, líkt og nágrannaþjóðirnar, færst í átt til aukinnar markaðsvæðingar orkumarkaða, með aukinni samkeppni þar sem það á við.

Hér hafa verið færð fyrir því rök að þrátt fyrir að óumdeilt sé að hið opinbera gegni mikilvægu hlutverki í orkumálum og boðuðum orkuskiptum þá megi ekki gleymast að huga að hlutverki einkaaðila.

Einkaaðilar leika lykilhlutverk í að finna og útfæra lausnir í heilbrigðri samkeppni á markaði. Í samkeppni einkaaðila og hins opinbera hallar allá jafna á þá fyrrnefndu.

Skýr merki eru um að fyrirtæki sem eru að fullu í eigu opinberra aðila séu í samkeppni við einkafyrirtæki á mörkuðum, þar með töldum hinum nýja markaði fyrir rafhleðslu bíla, þótt veigalítil rök séu fyrir slíku.

Almenn samstaða hefur náðst um að stefna að orkuskiptum á Íslandi. Uppbygging hraðhleðslustöðva um allt land er ómissandi þáttur á þeirri vegferð.

Af þeim fyrirtækjum sem starfa á samkeppnismörkuðum virðisikeðjunnar frá heildsölu raforku til rekstrar hleðslustöðva er helmingur í opinberri eigu.

Slíkt getur tæpast talist heppilegt, sérstaklega í ljósi þess hve opinberir aðilar hafa mikið að segja um rekstrarumhverfi og samkeppnisstöðu fyrirtækja á þessum markaði.

UNNIÐ AF INTELLECON EHF. FYRIR FÉLAG ATVINNUREKENDA.

HÖFUNDAR: GUNNAR HARALDSSON OG HARALDUR JÓN HANNESSON.



Ísorka

